

Ed.

194. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um afnám eftirlauna.

Eftir að nefndin hafði ihugað mál þetta vandlega, þá komst hún að þeirri niðurstöðu, að það væri ofætlun hverri stjórn að semja frumvarp í þá átt, sem þingsályktunartillagan ætlast til. Til þess er tíminn alt of naumur og málið of umfangsmikið.

En hitt er sannfæring nefndarinnar, að ekki megi hafa að engu þær óskir þjóðarinnar, sem alltaf verða háværari með ári hverju, um að eftirlaun sjeu alveg úr lögum numin.

Nefndin vill því koma hinnu upphaflegu tillögu í það horf að skipuð verði millipinganefnd til þess að taka mál þetta til rækilegrar íhugunar.

En jafnframt telur nefndin það sjálfsagt, að slík þingsályktunartillaga, sem hefir í för með sjer fjárútlát fyrir landssjóðinn, sje einnig látin koma til umsagnar og atkvæða í háttv. neðri deild.

Þins og breytingartillagan ber með sjer, er það tilætlunin, að launakjör embættismanna og annara starfsmanna landssjóðs verði einnig vandlega rannsöknð af þessari millipinganefnd.

Okkur dylst það eigi að slík nefndarskipun hafi talsverðan kostnað í för með sjer, en þegar þess er gætt hve mál þau sem nefndin á nm að fjalla eru altaf ofarlega á haugi hjá þjóðinni og hversn ákaf er hrópað um afnám eftirlauna, jöfnuð launanna og þesskonar, þá virðist okkur ekki áhorfsmál að eitt-hvað sje leggjandi í sölurnar til þess að verða við þessum óskum þjóðarinnar og fá ítarlega rannsókn á málum þessum.

Finst okkur að allir málsaðiljar, hverja skoðun sem þeir hafa um afnám eftirlauna, megi verða fegnir að bundinn verði einhver endir á þessi deilumál.

Þetta mál er heldur ekkert nýmæli hjer á þingi. Á þinginu 1911 samþykkti neðri deild þingsályktunartillögu um að skora á stjórnina að taka til rækilegrar athugunar afnám eftirlauna og koma fram með tillögur um það. Þó þetta hafi engan sýnilegan árangur haft, þá er það góð bending í þá átt, að nái þessi tillaga ekki fram að ganga nú, sem við hljótum að telja sjálfsagt að hún geri, þá yrði það að eins til að herða á kröfunum. Þær verða ekki niðurbældar með slíku, að eins tafið fyrir framgangi þeirra. Mikill meiri hluti þjóðarinnar mun standa fast á þessum kröfum og bera þær fram til sigurs þó siðar verði.

Nefndin vill einnig láta þess getið, að þar sem nú hefir verið afgreidd til stjórnarinnar frá háttv. neðri deild þingsályktunartillaga um að athuga hvort unt sje að aðskilja umboðsvald og dómsvald, þó finst oss eðlilegt og sjálfsagt að þessi sama millipinganefnd verði einnig látin taka það mál til meðferðar. Mundi þá fengið svo mikið verkefni fyrir hana að flestum mun nóg þykja. Og ekki væri sú nefnd til einskis skipuð, sem leysti þessi verkefni sæmilega af hendi.

Alþingi 23. júlí 1914.

H. J. Kristófersson,
form.

Magnús Pjetursson,
skrifari og framsögumaður.

Jósef Björnsson.